**Nd.** **317. Breytingartillaga**

við frv. til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á í náinni framtíð til húsalóða, hagbeitar fyrir gripi kaupstaðarbúa eða þorpsbúa eða til jarðræktar í sambandi við búskap, rekinn af bæjar- eða sveitarfélaginu, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.